

FUNDARBOÐ

7. fundur Bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar verður haldinn í bæjarstjórnarsal, fimmtudaginn 8. desember 2022 og hefst kl. 17:00

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda

1. **2211013F - Bæjarráð Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar - 6**
Lögð fram fundargerð 6. fundar bæjarráðs Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar.
2. **2211008F - Öldungaráð - 1**
Lögð fram fundargerð 1. fundar ungmennaráðs.
3. **2208004F - Hafnarstjórn (SH) - 1**
Lögð fram fundargerð 1. fundar hafnarstjórnar.
4. **2211006F - Umhverfis- og náttúruverndarnefnd - 1**
Lögð fram fundargerð 1. fundar umhverfis- og náttúruverndarnefndar.
5. **2211009F - Æskulýðs- og íþróttanefnd (SH) - 1**
Lögð fram fundargerð 1. fundar æskulýðs- og íþróttanefndar.
6. **2211012F - Skipulagsnefnd - 5**
Lögð fram fundargerð 5. fundar skipulagsnefndar.
7. **2211005F - Velferðar- og jafnréttismálanefnd - 1**
Lögð fram fundargerð 1. fundar velferðar- og jafnréttismálanefndar.
8. **2211011F - Ungmennaráð - 1**
Lögð fram fundargerð 1. fundar ungmennaráðs.

Erindi til kynningar

10. **2112008 - Fundargerðir Sambands íslenskra sveitarfélaga**
Lögð fram fundargerð 915. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem haldinn var föstudaginn 25. nóvember sl.

11. 2211042 - Leiðbeiningar og fyrirmynd varðandi stefnu um þjónustustig

Lagt fram erindi Innviðaráðuneytis vegna vinnu Byggðastofnunar að gerð leiðbeininga og fyrirmynda varðandi það hvernig sveitarfélög geti útfært stefnu um þjónustustig til byggðarlaga utan stærstu byggðarkjarna viðkomandi sveitarfélags.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

9. 2212006 - Hamraendi 2 og 2A - Lóðaleigusamningar

Lagður fram uppfærður lóðarleigusamningur ásamt lóðablaði við Hamraenda 2-2A.

12. 2208017 - Hrognkelsaveiðar - Staða og horfur

Lagt fram yfirlit yfir tekjur Stykkishólms hafnar af hrognkelsaveiðum í ár og undanfarin ár.

Á 1. fundi Hafnarstjórnar gerði hafnarvörður grein fyrir tekjum hafnarinnar af hrognkelsaveiðum í ár og undanfarin ár, en heildarafli á árinu 2019 sem landaður var í Stykkishólms höfn var 1096 tonn, 420 tonn 2020, 1000 tonn 2021 og 600 tonn 2022. Tekjur vegna hrognkelsaveiða drógust saman um 33% frá 2021 til 2022.

Hafnarstjórn gerði á fundi sínum alvarlegar athugasemdir við ákvörðun matvælaráðherra og matvælaráðuneytisins við setningu reglugerðar nr. 267/2022 um að takmarka veiðidaga grásleppu við markaðsaðstæður en ekki ráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar. Virðist vera að sú ákvörðun hafi verið tekin á grundvelli ófullnægjandi upplýsinga frá Landssambandi Smábátaeigenda og án samráðs við kaupendur/vinnsluaðila. Hafði þessi ákvörðun ráðherra í för með sér að grásleppusjómenn á þessu svæði hefðu getað veitt um a.m.k. 37% meira en raunin varð ef farið hefði verið eftir ráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar.

Bæjarráð tók, á 6. fundi sínum, undir afgreiðslu hafnarstjórnar og lagði til við bæjarstjórn að staðfesta hana.

13. 2208019 - Uppbygging hafnarmannvirkja og sjávarvarna í Stykkishólmi

Á 1. fundi hafnarstjórnar var farið yfir framtíðaráform um uppbyggingu hafnarmannvirkja í Stykkishólmi, en hafnarstjóri gerði á fundinum grein fyrir framtíðaráformum um uppbyggingu hafnarmannvirkja. Meðal annars liggur fyrir að breyta þurfi ferjubryggju þegar ný ferja hefur siglingar um Breiðafjörð og hafskipsbryggju samkvæmt samgönguáætlun. Einnig þarf að endurbæta stólpa undir hafskipsbryggju og skipta um stálþil á Skipavíkurbryggju. Þá er lögð fram ályktun 43. hafnasambandsþings um öryggi og aðgengi að höfnum.

Á fundinum var einnig rætt um umferðaröryggi á hafnarsvæði og nauðsyn innviðaupbyggingar með nýjum hafnarstig meðfram Baldursbryggju sunnan Súgandiseyjar, en hafnarstjórn hafði á 91. fundi sínum bókað um brýna nauðsyn þeirra framkvæmdar til að auka öryggi gangandi vegfarenda á svæðinu. Fyrir liggur jafnframt jákvæð afgreiðsla 255. fundar skipulags- byggingarnefndar og 633. fundar bæjarráðs Stykkishólmsbæjar varðandi verkefnið.

Hafnarstjórn lagði þunga áherslu á að Vegagerðin tryggi tafarlaust íbúum, atvinnurekendum og gestum öryggi í samgöngum á hafnarsvæðinu meðfram Súgandiseyjargötu, fyrst með vegkannti NV megin í höfninni og í framhaldinu að byggður verði hafnarstigur í samræmi við samþykka umferðaröryggisáætlun

sveitarfélagsins sem bendir á nauðsyn þessara framkvæmda, m.a. til að stýra umferð gangandi vegfarenda og skapa nauðsynlegt umferðaröryggi. Í þessu sambandi vísar Hafnarstjórn jafnframt til fyrirbyggjandi ályktunar 43. hafnarsambandsþings um öryggi og aðgengi að höfnum.

Bæjarráð tók, á 6. fundi sínum, undir afgreiðslu hafnarstjórnar og lagði til við bæjarstjórna að staðfesta hana.

14. 2211023 - Erindi frá eiganda Gróttu 7811 - Ósk um rökstuðning og breytingu á fyrirkomulagi gjaldtöku Stykkishólshafnar

Lögð fram greinargerð f.h. eiganda Gróttu 7811, þar sem óskað er eftir rökstuðningi á gjaldtöku og fyrirkomulagi hennar, ásamt því að óskað er eftir að gjöld sem greidd hafa verið á þeim forsendum að Gróttu 7811 sé gestabátur og verði færð niður til samræmis við það gjald sem almennt er tekið fyrir legu báta í Stykkishólshöfn. Þá er óskað eftir að Hafnarstjórn breyti skilgreiningu sinni á gestabátum til samræmis við það sem tíðkast almennt um hafnargjöld í nærliggjandi höfnum og þau kjör sem bátar sem hafa Stykkishólm sem heimahöfn búa við annars staðar á siglingum sínum.

Hafnarstjórn tók málið fyrir á 1. fundi sínum og gat ekki betur séð en að hafnarvörður hafi lagt á gjald í samræmi við gjaldskrá. Hafnarstjórn fól hafnarverði, í samráði við formann hafnarstjórnar og hafnarstjóra, að ræða við lögmann sveitarfélagsins og fela honum að svara bréfitara í samráði við þá.

Bæjarráð staðfesti, á 6. fundi sínum, afgreiðslu hafnarstjórnar og lagði til við bæjarstjórn að staðfesta hana.

15. 1906008 - Gamli Stykkishólmsvegurinn - Opnun vegarins

Lögð fram umfjöllun og fyrri afgreiðslur vegna Stykkishólmsvegar. Umhverfis- og náttúrverndarnefnd lagði á 1. fundi sínum þunga áherslu á að vinna við opnum á Gamla Stykkishólmsveginum verði fullunnin á næsta ári, í samræmi við fyrri afgreiðslur sveitarfélagsins, og að hafist verði handa við að hanna og vinna tillögu að annarri tengingu frá Arnarborg meðfram Vogsbotni að Stykkishólmsvegi sem nýtist til fjölbreyttrar útivistar.

Bæjarráð staðfesti, á 6. fundi sínum, afgreiðslu umhverfis- og náttúruneftdar og lagði til við bæjarstjórna að staðfesta hana.

16. 1911024 - Tillaga um tímabundna niðurfellingu á gatnagerðargjöldum

Bæjarstjóri leggur til að veittur verði tímabundinn 90% afsláttur skv. 6. gr. laga nr. 153/2006, sbr. og 6. gr. samþykktu um gatnagerðargjald í Stykkishólmi, á gatnagerðargjöldum af byggingum íbúðarhúsnæðis m.v. gjaldskrá 2023 á tilteknum lóðum í Stykkishólmi og að lækkunarheimildin taki gildi eftir samþykkt bæjarstjórnar til og með 31. desember 2023. Skal umsækjandi greiða 75.000 kr. staðfestingargjald fyrir hverja lóð sem sótt er um og er staðfestingargjald óafturkræft verði umsækjanda úthlutað viðkomandi lóð.

Bæjarráð samþykkti, á 6. fundi sínum, tillögu bæjarstjóra og vísaði til staðfestingar í bæjarstjórn. Um er að ræða eftirtaldar lóðir:

Sundabakki 2
Laufásvegur 19

Hjallatangi 9
Hjallatangi 13
Hjallatangi 15
Hjallatangi 19

17. 2211048 - Betri vinnutími leikskólans

Lagðar fram tillögur Leikskólans í Stykkishólmi að betri vinnutíma.

Bæjarráð samþykkti, á 6. fundi sínum, tillögu er varðar lokun í dymbilviku. Bæjarráð samþykkti jafnframt að unnin verði skýrsla um styrkingu leikskólastarfs í sveitarfélaginu strax á nýju ári til eflingar á starfsemi skólans með bættum starfsskilyrðum, stöðuleika og aðbúnaði starfsfólks að markmiði og þegar skýrslan liggir fyrir verði viðbótartillögur um betri vinnutíma teknar teknar til afgreiðslu samhliða öðrum tillögum.

18. 2202010 - Snjómokstur gatna og gönguleiða

Lögð er fram til afgreiðslu tillaga að snjómokstursáætlun Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar ásamt verklagsreglum fyrir götur og gönguleiðir.

Skipulagsnefnd lagði til, á 4. fundi sínum, að Vatnsás yrði færður í forgang 3 og að litakóðar verði samþættir. Skipulagsnefnd samþykkti að öðru leyti fyrirbyggjandi snjómokstursáætlun.

Bæjarráð samþykkti, á 6. fundi sínum, afgreiðslu skipulagsnefndar og lagði til við bæjarstjórn að samþykkja snjómokstursáætlun Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar ásamt verklagsreglum fyrir götur og gönguleiðir með fyrirvara um umfjöllun í dreifbýlisráði hvað varðar þjónustu í dreifbýli.

19. 2211037 - Stefnumarkmiðum og afstaða sveitarfélagsins varðandi Hamraenda 4 og Hamraenda 6-8 í kjölfar úrskurðar ÚUA nr. 992022

Lagt fram minnisblað bæjarstjóra vegna nýgengins úrskurðar úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, nr. 99/2022, þar sem felld var úr gildi ákvörðun byggingarfulltrúa sveitarfélagsins um að samþykkja byggingaráform fyrir atvinnuhúsnæði á hafnarsvæðinu við Skipavík. Niðurstaða nefndarinnar var að útgefið byggingarleyfi á hafnarsvæði Skipavíkur hafi ekki verið í samræmi við aðalskipulag sveitarfélagsins á grundvelli orðalags og markmiða í kafla 3.3.8 í aðalskipulagi sem fjallar um öll hafnar- og athafnasvæði, þ.e. hafnarsvæðið við Skipavík og Hamraenda. Nefndin taldi að vegna orðalags í aðalskipulagi væri nauðsynlegt að deiliskipuleggja svæðið áður en byggingarleyfisumsókn væri samþykkt. Hefur úrskurðurinn samkvæmt framangreindu mögulegt fordæmisgildi varðandi stöðu lóðarhafa að Hamraendum, þar sem aðalskipulagið fjallar með sama hætti um athafnasvæðið við Hamraenda og hafnarsvæðið við Skipavík. Af hvorugu svæðanna er til deiliskipulag og byggingarleyfisumsókn lóðarhafa að Hamraendum voru/verða grenndarkynntar með sama hætti og í því máli sem úrskurðurinn fjallar um.

Í samræmi við stefnu sveitarfélagsins að reyna hrinda úr vegi hindrunum fyrir fólk og fyrirtæki sem hafa góðar hugmyndir að atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu óskar bæjarstjóri eftir staðfestingu bæjarráðs og bæjarstjórnar á þeim stefnumarkmiðum og afstöðu sem fram koma í minnisblaðinu með það að leiðarljósi að reyna að tryggja framgang mála að Hamraendum þrátt fyrir niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar.

Ívar Pálsson, lögmaður, kom til fundar við bæjarráð vegna málsins á 6. fundi bæjarráðs.

Bæjarráð samþykkti, með vísan til minnisblaðs bæjarstjóra, þá málsmeðferð sem þar er gert ráð fyrir vegna lóða að Hamraendum 4 og Hamraendum 6-8. Felur það m.a. í sér að haldið verður áfram með áform lóðarhafa og að tilkynnt verður nærliggjandi lóðarhöfum um leið og byggingarleyfi verður gefið út með leiðbeiningum um kæruleiðir.

Afgreiðsla bæjarráðs lögð fram til staðfestingar í bæjarsjórn.

20. 2207004 - Hamraendi 4 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Lögð fram forsaga og fyrri afgreiðslur vegna byggingaráforma við Hamraenda 4 ásamt öðrum gögnum, þ.m.t. sneiðmynd fyrir Hamraenda 4, sem unnin hefur verið sérstaklega að beiðni nefndarinnar vegna fyrirhugaðrar grenndarkynningar fyrir lóðarhöfum Hamraenda 1, 2, 3 og 6-8.

Skipulagsnefnd samþykkti á 5. fundi sínum að grenndarkynna umsókn um byggingarheimild og byggingarleyfi í samræmi við gr. 2.4.4. í byggingarreglugerð nr. 111/2012 m.s.br. samkvæmt framlagðri sneiðmynd, sem sýnir rauðmerkta byggingarreit með GK 11.00 og að fenginni skriflegri staðfestingu lóðarhafa Hamraenda 2.

Bæjarráð staðfesti, í umboði bæjarstjórnar, á 2. fundi sínum afgreiðslu 2. fundar skipulagsnefndar um að grenndarkynna byggingaleyfisumsókn fyrir lóðarhöfum við Hamraenda 1, 2, 3 og 6-8 skv. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með ákveðnum fyrirvörum og skilyrðum. Samkvæmt afgreiðslu skipulagsnefndar hefur þeim fyrirvörum og skilyrðum verið fullnægt. Á þeim grunni og með vísan til fyrri afgreiðslu ráðsins staðfestir bæjarráð fyrirliggjandi afgreiðslu skipulagsnefndar.

Afgreiðslu bæjarráðs og skipulagsnefndar er vísað til staðfestingar í bæjarstjórn.

21. 1510008 - Deiliskipulag Skipavíkursvæðis

Lögð er fram til afgreiðslu skipulagslýsing vegna fyrirhugaðrar skipulagsvinnu á hafnarsvæði við Skipavík.

Á 4. fundi skipulagsnefndar samþykkti nefndin samhljóða að svæði, sem skilgreint er í Aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022 sem hafnarsvæði við Skipavík, verði deiliskipulagt og eftir atvikum gerðar samhliða breytingar á aðalskipulagi. Vinna og verklag verði í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Nefndin fól skipulagsfulltrúa að vinna drög að skipulagslýsingu og leggja fyrir fund nefndarinnar.

Skipulagsnefnd samþykkti á 5. fundi sínum, fyrir sitt leyti tillögu að lýsingu, með minniháttar breytingum samkvæmt tillögum nefndarinnar, fyrir breytingu á Aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022 skv. 1 mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna hafnarsvæðis við Skipavík og tillögu að deiliskipulagi skv. 1 mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir sama svæði sem unnið verður samhliða aðalskipulagsbreytingunni. Nefndin fól skipulagsfulltrúa að kynna lýsinguna í samræmi við skipulagslög og leita umsagnar Skipulagsstofnunar og annarra lögboðinna umsagnaraðila.

Bæjarráð samþykkti, á 6. fundi sínum, fyrirliggjandi fyrir sitt leyti og lagði til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu að skipulagslýsingu fyrir breytingu á Aðalskipulagi

Stykkishólms 2002-2022 skv. 1 mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna hafnarsvæðis við Skipavík og tillögu að deiliskipulagi skv. 1 mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir sama svæði sem unnið verður samhliða aðalskipulagsbreytingunni og að fela skipulagsfulltrúa að kynna lýsinguna í samræmi við skipulagslög og leita umsagnar Skipulagsstofnunar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og annarra lögboðinna umsagnaraðila.

Afgreiðsla bæjarráðs lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

22. 2210012 - Fjárhagsáætlun 2023 og þriggja ára fjárhagsáætlun 2024-2026

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins var lögð fram var til fyrri umræðu á 5. fundi bæjarstjórnar þann 27. október 2022. Á sama fundi voru lögð fram drög að gjaldskrár fyrir árið 2023. Bæjarstjórn samþykkti á 5. fundi sínum að vísa fjárhagsáætlun til frekari umfjöllunar í bæjarráði, umsagnar í fastanefndum og til síðari umræðu í bæjarstjórn.

Fyrir bæjarstjórn eru lögð fram til síðari umræðu fjárhagsáætlun sameinaðs sveitarfélags Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar 2023 og þriggja ára fjárhagsáætlun 2024-2026, ásamt gjaldskrár sameinaðs sveitarfélags fyrir árið 2023.

Þá eru lagðar fram umsagnir fastanefnda um fjárhagsáætlun og gjaldskrár sveitarfélagsins ásamt samantekt sem byggð er á fjárhagsáætlun 2023-2026.

23. 1808022 - Minnispunktar bæjarstjóra

Minnispunktar bæjarstjóra lagðir fram.

24. 2112004 - Sameining Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar - Nafn sveitarfélagsins

Lögð fram umsögn Örnefnanefndar um þær átta tillögur að nafni á hið sameinaða sveitarfélag sem bæjarstjórn samþykkti að senda til umsagnar nefnarinnar á 2. fundi sínum 30. júní 2022. Bæjarráð samþykkti á 3. fundi sínum að boða til íbúafundar vegna nafns á nýja sveitarfélaginu. Íbúafundurinn fór fram 5. desember sl.

06.12.2022

Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri.